

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/46/ESB

2015/EES/34/23

frá 3. apríl 2014

## um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/37/EB um skráningarskjöl fyrir ökutæki (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmedferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Prófun á aksturshæfni er hluti af viðtækara kerfi sem tryggir að ástand ökutækja sé öruggt og viðunandi með tilliti til umhverfisins á meðan þau eru í notkun. Með þessu kerfi ætti að kveða á um reglubundnar prófanir á aksturshæfni og tæknilegt eftirlit á vegum úti með ökutækjum sem notuð eru til vöruflutninga á vegum, sem og skráningaraðferð ökutækja sem heimilar tímabundna niðurfellingu á leyfi til notkunar ökutækis í umferð á vegum, sé ökutækið hættulegt umferðaröryggi.
- 2) Með skráningu ökutækis er veitt opinbert leyfi til að taka ökutæki í notkun til aksturs á vegum. Tilskipun ráðsins 1999/37/EB <sup>(3)</sup> gildir aðeins um skráningu ökutækja. Samt sem áður, einkum í tilvikum þar sem notkun ökutækis á opinberum vegum myndi skapa hættu vegna tæknilegs ástands ökutækisins, ætti að vera hægt að fella tímabundið niður leyfi fyrir notkun þess ökutækis í tiltekinn tíma. Til að minnka stjórnsýsluálag sem kemur til af tímabundinni niðurfellingu, ætti ekki að vera nauðsynlegt að fara í gegnum nýtt skráningarferli þegar tímabundna niðurfellingin er dregin til baka.
- 3) Taka ætti upp skyldu til að fella varanlega úr gildi skráningu ökutækis sem tilkynnt hefur verið um að hafi verið meðhöndlað sem úr sér gengið ökutæki, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB <sup>(4)</sup>. Aðildarríki hafa möguleika á að tilgreina í landslögum aðrar ástæður fyrir að fella úr gildi ökutækjaskráningar.
- 4) Jafnvel þó að ökutækjaskráning hafi verið felld úr gildi ætti að vera hægt að varðveita skjöl um þá skráningu.
- 5) Til að minnka stjórnsýsluálag og auðvelda upplýsingaskipti milli aðildarríkja, ætti að skrá upplýsingar varðandi ökutæki með rafrænum hætti.
- 6) Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki liti á það rafræna gagnasafn sem lögbær yfirvöld þess ríkis geyma, sem aðaluppsprettu upplýsinga um ökutæki sem skráð er á yfirráðasvæði þess. Aðildarríki ættu að geta notað rafrænt net, sem samanstendur af gögnum úr landsbundnum rafrænum gagnagrunnum, til að auðvelda upplýsingaskipti.
- 7) Í tilvikum þar sem komið hafa í ljós hættulegir annmarkar við prófun á aksturshæfni og leyfi ökutækis til notkunar á opinberum vegum hefur verið fellt tímabundið niður, skal sú tímabundna niðurfelling gilda þar til ökutækið hefur staðist nýja prófun á aksturshæfni.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 129. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 44, 15.2.2013, bls. 128.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 24. mars 2014.

<sup>(3)</sup> Tilskipun ráðsins 1999/37/EB frá 29. apríl 1999 um skráningarskjöl fyrir ökutæki (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 57).

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

- 8) Til að uppfæra annan undirlið liðar II.4 og b-lið A-liðar í lið III.1 bæði í I. og II. viðauka við tilskipun 1999/37/EB ef til stækkunar Sambandsins kemur, sem og að uppfæra lið II.6 í I. viðauka sem tengist þáttum sem ekki eru skyldubundnir ef til breytinga á skilgreiningum kemur, eða efni samræmisvottorða í viðkomandi löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 9) Því ber að breyta tilskipun 1999/37/EB til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 1999/37/EB**

Tilskipun 1999/37/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrsta málslíðar í 1. gr. kemur eftirfarandi:

„Þessi tilskipun gildir um skráningarskjöl fyrir ökutæki sem aðildarríkin gefa út.“

- 2) Eftirfarandi liðir bætast við 2. gr.:

„e) „tímabundin niðurfelling“: takmarkaður tími þegar aðildarríki heimilar ekki notkun ökutækis í umferð á vegum, en að því liðnu - að því tilskildu að ástæðurnar fyrir tímabundinni niðurfellingu gildi ekki lengur - er heimilt að leyfa notkun þess aftur án þess að nýtt skráningarferli eigi sér stað,

f) „niðurfelling skráningar“: niðurfelling aðildarríkis á leyfi til notkunar ökutækis í umferð á vegum.“

- 3) Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 3. gr.:

„4. Aðildarríki skulu skrá á rafrænan hátt gögn um öll ökutæki sem skráð eru á þeirra yfirráðasvæði. Þessi gögn skulu ná yfir:

- a) alla skyldubundna þætti, í samræmi við lið II.5 í I. viðauka sem og þættina í J-lið liðar II.6 og í liðum (V.7) og (V.9) í lið II.6 í þeim viðauka, séu gögnin fyrir hendi,
- b) önnur gögn sem ekki eru skyldubundin en eru skráð í I. viðauka eða gögn úr samræmisvottorðinu eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB(\*), ef mögulegt er,
- c) niðurstöður úr skyldubundnum reglubundnum prófunum á aksturshæfni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB(\*\*) og gildistíma skírteinisins um aksturshæfni.

Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við þessa tilskipun skal fara fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB(\*\*\*) og 2002/58/EB(\*\*\*\*)

5. Tæknileg gögn um ökutæki skulu gerð aðgengileg lögbærum yfirvöldum eða prófunarstöðvum, að því er varðar reglubundnar prófanir á aksturshæfni. Aðildarríki mega takmarka notkun og dreifingu prófunarstöðva á slíkum gögnum til að koma í veg fyrir misnotkun.“

- (\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, ihlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).
- (\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).
- (\*\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).
- (\*\*\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

4) Eftirfarandi grein er felld inn:

„3. gr. a

1. Fá i lögbært yfirvald aðildarríkis tilkynningu um að reglubundin prófun á aksturshæfni sýni að leyfi til að nota tiltekið ökutæki í umferð á vegum hafi verið fellt tímabundið niður í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2014/45/ESB, skal tímabundna niðurfellingin skráð rafrænt og önnur prófun á aksturshæfni fara fram.

Tímabundna niðurfellingin skal gilda þar til ökutækið hefur staðist nýja prófun á aksturshæfni. Standist ökutækið prófun á aksturshæfni skal lögbært yfirvald leyfa aftur notkun ökutækisins í umferð á vegum án tafar. Nýtt skráningarferli er ekki nauðsynlegt.

Aðildarríkjum eða lögbærum yfirvöldum þeirra er heimilt að samþykkja ráðstafanir til að auðvelda endurprófun ökutækis hafi leyfi þess til notkunar í umferð á vegum verið fellt tímabundið niður. Þessar ráðstafanir geta falið í sér leyfi til að ferðast á opinberum vegum á milli viðgerðarstaðar og prófunarstöðvar til að gera prófun á aksturshæfni.

2. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa handhafa skráningarvottorðsins að leggja fram beiðni til lögbærs yfirvalds um framsal skráningarinnar til hins nýja eiganda ökutækisins.

3. Í því tilviki að lögbært yfirvald aðildarríkis fái tilkynningu um að ökutæki sé meðhöndlað sem úr sér gengið ökutæki í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB<sup>(5)</sup>, skal afturkalla skráningu þess ökutækis til frambúðar og upplýsingum þar að lútandi skal bætt við rafrænu skrána.“

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

5) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr.:

„3. Með fyrirvara um 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/45/ESB, skulu aðildarríkin, sem meginreglu, viðurkenna gildi skírteinis um aksturshæfni ef svo fer að eignarhald á ökutæki – sem er með gilda sönnun á reglubundnum prófunum á aksturshæfni – breytist,“

6) Í stað 6. og 7. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 7. gr., til að breyta:

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

- ákvæðum annars undirliðar liðar II.4 og b-lið A-liðar í lið III.1 bæði í I. og II. viðauka ef til stækkunar Sambandsins kemur,
- ákvæðum liðar II.6 í I. viðauka með tilliti til þátta sem ekki eru skyldubundnir ef til breytinga á skilgreiningum kemur, eða efni samræmisvottorða í viðkomandi löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu.

7. gr.

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 6. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 19. maí 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 6. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 6. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

7) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Aðildarríkin skulu aðstoða hvert annað við framkvæmd þessarar tilskipunar. Þau geta skipst á upplýsingum, tvö eða fleiri, einkum til að athuga, áður en ökutæki er skráð, hver staða ökutækisins er samkvæmt lögum, ef þörf krefur í aðildarríkinu þar sem það var áður skráð. Slíkt eftirlit getur meðal annars falið í sér notkun rafræns nets, sem hefur að geyma gögn úr landsbundnum rafrænum gagnagrunnum, til að auðvelda upplýsingaskipti.“

8) Eftirfarandi liður bætist við í lið II.6 í I. viðauka:

„(X) sönnun þess að hafa staðist prófun á aksturshæfni, dagsetning næstu prófunar á aksturshæfni eða þegar gildandi skírteini rennur út.“

2. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 2017. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 20. maí 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða að þeim fylgi slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. apríl 2014.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. KOURKOULAS

*forseti.*

---